Leikskólinn í Stykkishólmi 60 ára
1957-2017

# Barnamenningarhátíð

í tengslum við afmæli
Leikskólans í Stykkishólmi.

Leikskólinn í Stykkishólmi
Anok margmiðlun ehf
2017

# Leikskólinn í Stykkishólmi 60 ára
# 1957-2017

Afmæli leikskólans í Stykkishólmi var haldið hátíðlegt í októberbyrjun árið 2017 þar sem sett var upp Barnamenningarhátíð, Menningarmót og afmælisveisla.

Að verkefninu komu:

| | |
|---|---|
| Afmælisnefnd | Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður skólanefndar Stykkishólmsbæjar |
| | Róbert W. Jörgensen, fyrrverandi framkvæmdastjóri St. Franciskusspítala |
| | Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri |
| | Elísabet Lára Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri |
| | Anna Melsteð verkefnisstjóri |
| | Inga og Stína |

Kristín R. Vilhjálmsdóttir með Menningarmót
Fríða Bjarney Jónsdóttir með fyrirlestur um fjölmenningu í Stykkishólmi og leikskólastarf.
Starfsfólk Leikskólans í Stykkishólmi
Aftanskin, félag eldri borgara í Stykkishólmi
Foreldrafélag Leikskólans í Stykkishólmi
Starfsmannafélag Leikskólans í Stykkishólmi
Anok margmiðlun ehf

## Sérstakar þakkir fá:

Stykkishólmsbær
Uppbyggingarsjóður Vesturlands
Vináttu- og stuðningsfélag St. Fransiskussystra
Hótel Fransiskus
Tónlistarskóli Stykkishólms
Íþróttamiðstöð Stykkishólms

# Leikskóli okkar Hólmara

Í haust verða liðin 60 ár frá stofnun leikskóla í Stykkishólmi. Þann 7. október 1957 var Leikskóli St.Franziskussystra stofnaður. Í upphafi starfaði skólinn aðeins á veturna og var ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Skólinn stækkaði hratt, frá því að vera 12 börn 1957 til þess að vera orðin 60 að tölu árið 1963. Það var því orðið þröngt um börnin svo að árið 1967 var farið í að byggja sérstakt hús samtengt spítalanum til að hýsa leikskólann. Þessi stofnun var í daglegu tali kölluð „Spító“ sem var stytting á Spítalaskóli. Leikskólinn var starfræktur þar þangað til í janúar 2007.

Þá flutti leikskólinn í núverandi húsnæði við Búðanesveg.

Þessum tímamótum ber að fagna með pompi og prakt, rifja upp sögu skólans og halda veislu. Ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að sitja í undirbúningsnefnd afmælisins. Við höfum komið saman síðan í apríl til að raða saman dagskrá og vinna að undirbúning.

Á fundi bæjarstjórnar 21. mars var skipað í hugmyndahóp og vinnuhóps vegna afmælis Leikskólans. Þessir aðilar voru skipaðir í hugmyndahópinn: Ægir Jóhannsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Kristín Ósk Sigurðardóttir, Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri, Elísabet Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður skólanefndar, Róbert Jörgensen, Ingunn Höskuldsdóttir formaður foreldraráðs, María Kúld formaður foreldrafélags, Anna Melsteð.

Á sama fundi var líka skipað í framkvæmdahóp sem stýrir vinnunni. Í þeim hóp sitja Sigrún Þórsteinsdóttir, Elísabet Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Róbert Jörgensen og Anna Melsteð.

Hugmyndahópurinn hittist nokkrum sinnum í vor og setti niður hugmyndir að afmælisviðburðum.



Framkvæmdahópurinn tók síðan við keflinu og hefur hist reglulega síðan í maí.

Drög að dagskrá eru komin og mun hún verða auglýst fljótlega. Vikuna fyrir afmælið verða ýmsir viðburðir sem bæjarbúar geta tekið þátt í og fyrir börnin á leikskólanum verður barnamenningarhátíð vikuna fyrir afmælið. Á barnamenningarhátíðinni er ætlunin að gefa börnunum tækifæri til að vinna að margs konar sköpun og sýnishorn af afurðunum verða til sýnis á afmælisdaginn. Það er líka líklegt að eitthvað af myndum frá starfsemi skólans verði til sýnis og bæjarbúar fá að rifja upp kynni sín við teiknimyndahetjuna Malú.

Fésbókarsíða afmælisvikunnar verður opnuð fljótlega. Mig langar að biðja þá sem gætu átt myndir frá leikskólastarfinu að hafa samband við mig eða senda mér myndir í tölvupósti. Mynd af myndunum tekin með síma kemur að góðum notum.

.........................................

*Hrafnhildur Hallfreðsdóttir*
*hrafnhildur@fsn.is*
*Stykkishólms-Pósturinn 31.08.2017*

# Æft fyrir afmæli



rakkar
til að
undirbúa afmælishátíð leikskólans í Stykkishólmi sem fagnar 60 ára afmæli 7. október n.k. Þau voru afar spennt yfir danstímanum og skemmtu sér konunglega.

*am/frettir@snaefellingar.is*
*Stykkishólms-Pósturinn 14.09.2017*



# Hver er á myndinni?

Undirbúningur vegna afmælis Leikskólans í Stykkishólmi stendur nú semt hæst og má þess glöggt sjá merki á Facebook síðu afmælisins, en þar eru komnir á dagskrá viðburðir í tengslum við afmælið og ljóst að þar er eitthvað fyrir alla á boðstólum. Óskað hefur verið eftir myndum úr fórum bæjarbúa og hefur komið talsvert af myndum sem sumar hverjar rata beint inn á Facebooksíðuna. Hafa skapast umræður um þær og hverjir eru á þeim. Enn streyma inn myndir og myndbönd sem gerð verða skil í afmælisvikunni sem endar með afmælishátíð í sal Tónlistarskólans og er þar m.a. von á Forseta Íslands og eiginkonu hans vegna hátíðahaldanna. Myndir má koma með á Leikskólann, eða senda í tölvupósti á leikskoli@stykkisholmur.is eða jafnvel koma þeim á framfæri í gegnum

*am/frettir@snaefellingar.is/*
*Mynd úr einkasafni*
*Stykkishólms-Pósturinn 21.09.2017*

# Afmæli leikskólans

Nú líður að 60 ára afmæli Leikskólans í Stykkishólmi en það er þann 7. október.
Það var í október 1957 sem St. Fransiskussystur opnuðu leikskóla hér í Stykkishólmi. Í ljósi sögunnar er þetta mjög merkilegt þar sem á þessum tíma eða árið 1960 voru 12 leikskólar í Reykjavík og enn liðu 20 ár þar til stofnaðir voru leikskólar í nágrannasveitarfélögum okkar.
Þær systurnar voru því mjög framfarasinnaðar og þessi viðbót við heimilisuppeldi vel þegin því árið 1963 voru um 60 börn í leikskólanum.
St. Fransiskussystur höfðu víðtæk áhrif á bæjarbraginn í Stykkishólmi og létu margt gott af sér leiða.
Okkar markmið frá upphafi var að láta þessa hátíð snúast um börnin og þeirra menningu og sköpun. Þannig varð til barnamenningarhátíð í tengslum við afmælishátíð leikskólans. Þannig mótast dagskráin af börnum sem eru hér í leikskólanum núna en einnig af öllum þeim börnum sem hafa verið nemendur hér í leikskólanum í öll þessi ár. Auk þessa minnumst við stofnenda leikskólans, St. Franciskussystra af þessu tilefni.
Í vikunni á undan vinna elstu börnin í leikskólanum ásamt 1. bekk í grunnskólanum að listasmiðjum í umsjón kennara og listamanna hér í Stykkishólmi.
Einnig verður unnið hér í leikskólanum að skapandi verkefnum með öllum börnunum. Afrakstur þessar vinnu verður svo sýndur á afmælishátíðinni.
Menningarmót með börnunum verður haldið í leikskólanum á föstudeginum með þremur elstu árgöngunum hér í leikskólanum.
Kristín R. Vilhjálmsdóttir hugmyndafræðingur menningarmóta hefur staðið að undirbúningi þess verkefnis með starfsfólki leikskólans frá því í vor en verkefnið gengur út á varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima þátttakenda.
Öll eigum við okkar persónulegu menningu sem endurspeglast í því hver við erum, hvað viljum kynna fyrir öðrum og styrkja með því móti sjálfsmynd okkar. Þannig munu börnin kynna sína menningu ekki endilega þjóðarmenningu eða upprunamenningu einstaklinga heldur er markmiðið að hver og einn varpi ljósi á það sem skiptir hann mestu máli eða vekur áhuga hans. Á hverju Menningarmóti eru allir í hópnum bæði þátttakendur og áhorfendur. Þeir sem vilja fræðast meira um menningarmót geta kynnt sér málið hér: http://tungumalatorg.is/menningarmot/
Í tengslum við hátíðina höfum við verið að safna saman myndum og tekið á móti myndum frá bæjarbúum og fleirum til að sýna á hátíðinni en þær eru einnig að tínast smátt og smátt inn á Facebook síðu hátíðarinnar: Leikskólinn í Stykkishólmi 60 ára, þar eru einnig allar frekari upplýsingar um viðburði tengda hátíðinni auk auglýsingar hér í blaðinu.
Nemendur í upplýsingatækni í grunnskólanum ætla að gera verkefni með okkur sem felst í því að þau taka viðtöl við fyrrverandi nemendur leikskólans, frá upphafi, biðja þau um að deila með okkur einhverju skemmtilegu frá leikskólaárum sínum. Það verður svo sýnt á afmælishátíðinni.
Búið er að bjóða Forseta Íslands og forsetafrú að koma á afmælishátíðina, þau hafa þegið boðið og ætla að vera með ávarp á afmælishátíðinni.
Við erum í samstarfi við marga hér í bæ og allir mjög jákvæðir að taka þátt og hlýjan í garð leikskólans er greinileg og fyrir það þökkum við.

*Með kveðju frá leikskólanum í Stykkishólmi, Sigrún Þórsteinsdóttir*
*Stykkishólms-Pósturinn 28.09.2017*



# Barnamenningarhátíð

## í tilefni 60. ára afmæli Leikskólans í Stykkishólmi

### Mánudagur 2. október kl. 17 Salur Tónlistarskóla Stykkishólms
### Fyrirlestur: Heimurinn er hér! Fríða Bjarney Jónsdóttir

Á liðnum árum og áratugum hafa fólksflutningar á milli landa og heimsálfa aukist hratt og sjaldan eða aldrei hafa eins margir í heiminum verið á faraldsfæti. Fyrir því eru fjölmargar ástæður, sumir velja að flytja sig um set til að fara í nám, gifta sig, sækja vinnu eða láta sig dreyma um betra líf fyrir börnin sín í nýju landi. Til Íslands hafa flutt einstaklingar og fjölskyldur víðsvegar að og flest þekkjum við sjálf einhverja sem hafa flutt erlendis eða höfum reynslu af því sjálf að setjast að á nýjum stað. Í Stykkishólmi hafa aðfluttir Hólmarar um áratugaskeið haft mikil og jákvæð áhrif á mótun bæjarbragsins, skólastarf, vinnustaði og samfélagið í heild. Í fyrirlestrinum verður fjallað um fólksflutninga fyrr og nú, velt upp spurningum um áhrif þess á þróun samfélagsins og skoðað hvað hver og einn getur lagt af mörkum til að bjóða alla nýja íbúa í Stykkishólmi velkomna.

Fríða Bjarney Jónsdóttir er verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólum Reykjavíkur. Hún hefur unnið að málefnum barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd frá árinu 2001.

### Þriðjudagur 3. október kl. 17 Íþróttamiðstöð Stykkishólms
### Íþróttaskóli fyrir alla.

Foreldrafélag leikskólans í Stykkishólmi og leikskólinn standa fyrir íþróttaskóla í íþróttamiðstöð Stykkishólms frá kl. 17-18 Ungir sem aldnir hjartanlega velkomnir.

### Miðvikudagur 4. október kl. 16:30 Hótel Fransiskus
### Leikskólalögin sungin saman og Malú sýning!

Óskalögin úr leikskólanum verða sungin og leikin og texta varpað á skjá svo allir geti tekið þátt.
Margir muna eftir Malú - rifjuð verða upp kynnin af þeirri sýningu.

### Fimmtudagur 5. október kl. 16-18 Leikskólinn í Stykkishólmi
### Má ég taka mynd?

Myndaalbúm leikskólans og fleiri góðra gesta dregin fram og skoðuð. Myndir einnig sýndar á vegg. Spjall og spekúlasjónir yfir kaffibolla. Allir hjartanlega velkomnir og gestir hvattir til að koma með myndir í sínum fórum sem tengjast leikskólanum.

### Laugardagur 7. október kl. 13-16 Salur Tónlistarskólans í Stykkishólmi.
### Afmælishátíð Leikskólans í Stykkishólmi.

Forsetahjónin heiðra samkomuna. Menningarmót barna. Atriði úr listasmiðjum leikskólabarna, grunnskólanemenda og listafólks úr Stykkishólmi, tónlist, myndlist og dans.
Hvað ertu leikskóli? Sýning um leikskólastarf fyrr og nú. Veitingar að hætti leikskólabarna.
Allir hjartanlega velkomnir.

## Ókeypis er á alla viðburði hátíðarinnar

Samhliða dagskránni að ofan er fjölbreytt starf í gangi alla vikuna í samstarfi við Tónlistarskólann, Grunnskólann, Vinnustofu Tang & Riis, Töfrateppið og fl. hjá leikskólabörnum og starfsfólki leikskólans, skapandi smiðjur daglega og menningarmót í leikskólanum fyrir nemendur og foreldra þeirra.

# STYKKISHÓLMS-PÓSTURINN

Veffang: www.snaefellingar.is
Netfang: frettir@snaefellingar.is

SÉRRIT - 37. tbl. 24. árg.
**5. október 2017**

Stykkishólms - Póstinum er dreift ókeypis í Stykkishólmi og Helgafellssveit og liggur frammi í Grundarfirði, Ólafsvík, Hellissandi og Búðardal. Uppl. 650 eint. og kemur út á fimmtudögum.
Útgefandi og prentun: Anok margmiðlun ehf, Nesvegi 13, 340 Stykkishólmi. Sími: 534 2120 Ritstjóri og ábm. Anna Melsteð




# Stykkishólmur, nafli alheimsins?

Barnamenningarhátíð stendur yfir í Stykkishólmi þessa vikuna í tengslum við afmæli Leikskólans í Stykkishólmi, sem fagnar 60 ára afmæli n.k. laugardag. Fjölmargir viðburðir eru í gangi alla vikuna bæði á leikskólatíma og eins eftir að leikskóla lýkur.

Fyrsti viðburður vikunnar var fyrirlestur undir heitinu Heimurinn er hér, þar sem Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnisstjóri fjölmenningar á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar tengdi á mjög áhugaverðan hátt fjölmenningu við Stykkishólm. Í fyrirlestri hennar kom m.a. fram að það má þakka nunnunum sem hingað komu í upphafi að leikskóli var stofnaður hér í bæ. Ýmis önnur áhrif hafa innflytjendur haft hér í gegnum tíðina og má þar nefna dönsku embættismennina á 19. öldinni.

Við sjáum áhrifin út um allt. Við upplifum það að fjölskyldur eru fjölbreyttar og staðalímyndir hafa þróast.

Hnattvæðingin hefur og gert það að verkum að heimurinn er nánast eins og eitt stórt þorp, aðgengi að ólíkum menningarheimum er þannig að ferðalög eru auðveld og tæknin leyfir okkur að fylgjast með og njóta menningar hvaðan sem er. Börn sem hingað koma utan úr heimi og setjast hér að njóta réttinda eins og íslensk börn en Ísland hefur staðfest það með aðild sinni að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á síðast ári voru fleiri sem fluttu frá landinu en til þess. Þannig býr tólfti hver Íslendingur erlendis. En hvernig tökum við á móti nýjum íbúum t.d. í Stykkishólmi? „Ja, ég er sko ekki með fordóma!" gætu við velflest sagt eða hvað? En gefum við okkur eina mynd af einstaklingum t.d. frá ákveðnum svæðum í heiminum? Reynum við markvisst að kynnast hverjum og einum eins og hann er? Rannsóknir hafa sýnt að 90% fólks erlendum uppruna á Íslandi upplifir 1 sinni eða oftar fordóma á tveggja vikna tímabili. Við fæðumst fordómalaus, en hvað svo? Talið er að fyrstu 10 vikurnar á nýjum stað skipti höfuðmáli þegar fólk flyst á milli staða.

Getum við sagt hér í Hólminum að við tökum á móti nýjum íbúum með opnum örmum, innlendum sem erlendum? Hverjir hafa vægi og á hverja er hlustað? Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Hver eru grunngildi samfélagsins að okkar mati? Hverjir eru velkomnir og hverjir tilheyra samfélaginu?

„Það þarf heilt þorp til að ala upp barn" – viðhorf okkar, orðræða og samskipti hafa áhrif á þroska barna og það er mikilvægt að varast alhæfingar um einstaklinga og fjölskyldur. Vinnum gegn staðalmyndum í skólastarfi og samfélagslegri umræðu og leitum leiða til að bjóða alla velkomna, hvort sem það er í leikskólann, á vinnustaðinn eða í vinahópinn.

Ábyrgð stjórnenda og yfirvalda á hverjum stað mikilvæg – þeir eru fyrirmyndirnar og skapa staðarmenninguna. Foreldrar og kennarar eru fyrirmyndir barnanna – hlutverk þeirra er að vinna gegn staðalmyndum og neikvæðum viðhorfum. Um leið og við bjóðum nýja Hólmara velkomna hikum við ekki við að vera stolt af eigin menningu og miðlum henni á fjölbreyttan hátt.

Þetta var m.a. það sem Fríða fjallaði um í sínum fyrirlestri og átti vissulega erindi til fleiri en þeirra 13 sem komu.

Vert er að minna á það að allir viðburðir á barnamenningarhátíðinni eru ókeypis og að allir eru velkomnir.

*am/frettir@snaefellingar.is*

# Að njóta haustsins



Krakkarnir á Leikskólanum Sólvöllum í Grundarfirði voru úti í góða veðrinu síðasta þriðjudag þar sem þeir nutu veðurblíðunnar. Haustlitirnir skörtuðu sínu fegursta í garðinum fyrir aftan Heilsugæslustöðina og var margt að skoða. Hvort sem það var að grandskoða steinana í garðinum, laufblöðin sem féllu til jarðar eða sólina sem gægðist yfir fjallgarðinn, þá áttu þessir krakkar ekki í vandræðum með að njóta sín í blíðunni.

*tfk*

# Hátíðarhöld í tilefni 60 ára afmælis Leikskólans í Stykkishólmi

Síðastliðinn laugardag var vegleg afmælishátíð haldin í Stykkishólmi þegar því var fagnað að leikskóli staðarins er 60 ára. Það var St.Franciskusreglan sem fyrst stofnaði leikskóla í bænum og rak með rausnarbrag í fjölmörg ár. Þannig var reglan frumkvöðull í rekstri leikskóla en slík starfsemi hófst fyrr í Stykkishólmi en í nágrannabyggðarlögum. Í tilefni afmælisins heiðruðu forsetahjónin, Guðni Th Jóhannesson og Eliza Reid ásamt börnum sínum, íbúa með heimsókn og þátttöku í afmælisfagnaðinum. Hátíðin hófst klukkan 13 og stóð fram eftir degi. Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri segir að frá upphafi hafi verið ákveðið að hátíðin snerist um börnin, þeirra menningu og sköpun og telur hún það hafa heppnast vel. Aðallega snerist hátíðin því um þau börn sem nú eru í leikskólanum en einnig var gaumur gefinn að öllum þeim börnum sem hafa verið nemendur í leikskólanum í gegnum tíðina.



Þessi mynd var tekin á menningarmóti og sýnir þegar börnin voru að segja frá hlutunum sem þau komu með til að sýna í afmælinu. Ljósm. Leikskólinn á Facebook.



Forseti Íslands ávarpaði hátíðargesti. Ljósm. Haukur Páll Kristinsson.

Afmælisfagnaðurinn stóð yfir alla vikuna og lauk á sjálfan afmælisdaginn. Elstu börn leikskólans, ásamt 1. bekk í grunnskólanum, unnu saman að listasmiðjum í umsjón kennara og listamanna í Stykkishólmi. Í leikskólanum var unnið að skapandi verkefnum með öllum börnunum og var afraksturinn sýndur á afmælishátíðinni. Unnið var með fjölmenningu í tengslum við hátíðina og var m.a. haldið menningarmót með börnunum í samvinnu við foreldra á þriðjudaginn í liðinni viku. Menningarmótið var unnið með þremur elstu árgöngunum í leikskólanum og hugsað til að varpa ljósi á fjölbreytta menningarheima í samfélaginu. „Við eigum öll okkar persónulegu menningu sem endurspeglast í því hver við erum, hvað við viljum kynna fyrir öðrum og styrkja með því móti sjálfsmynd okkar. Ekki er endilega um að ræða þjóðarmenningu eða upprunamenningu heldur það sem skiptir hvern og einn mestu máli og vekur áhuga viðkomandi," segir Sigrún.

Þess má geta að á næstu dögum verður ný kennslustofa tekin í notkun við leikskólann til að hægt verði með góðu móti að rúma öll leikskólabörn í þessu vaxandi bæjarfélagi. Keypt var færanleg 60 fm kennslustofa sem áður stóð við Listaháskóla Íslands, en flutt í Stykkishólm eins og sagt var frá fyrir stuttu í Skessuhorni.

Leikskólanum bárust á föstudaginn góðar gjafir í tilefni 60 ára afmælisins. Ragnheiður Axelsdóttir formaður Lionsklúbbsins Hörpu og Sesselja Sveinsdóttir gjaldkeri komu og afhentu Sigrúnu leikskólastjóra hundrað þúsund krónur að gjöf til kaupa á námsgögnum og búnaði. Foreldrafélag leikskólans, með þær Dóru Lind og Önnu Margréti í fararbroddi, komu sama dag með afmælisgjafir, tvö hljómflutningstæki, tvær Ipad spjaldtölvur og tvo bluetooth hátalara.

*mm*



Þétt setinn salurinn á hátíðardagskránni. Ljósm. Haukur Páll Kristinsson.





Þessi skemmtilega mynd var tekin og raðað eins upp og á annarri mynd sem tekin var fyrir nokkrum árum! Ljósm. leikskólinn á Facebook.

# Facebooksíða Leikskólans í Stykkishólmi




Fleiri hópmyndir
þessar myndir eru frá árunum 1983-1999
+8
+4
+53
+10


Enn birtum við hér myndir í tengslum við afmælið enda alltaf gaman að gleyma sér í myndum... Símon Sturluson tók þessar myndir.
+2
Fyrri myndin er tekin vorið 2008 þegar starfsmenn fögnuðu vel heppnuðu opnu húsi fyrr um daginn og farsælu vetrarstarfi. Síðari myndin er tekin í námsferðinni til London 2012.
Vekja athygli á færslu
Líkar þetta
Skrifa ummæli
Deila
Myndbönd
Sjá öll


Upplýsingatæknival Grunnskólans vann skemmtilegt innslag undir stjórn Gunnlaugs Smárasonar kennara síns og það tengdist einnig afmæli Leikskólans í Stykkishólmi.
1.484 birtingar
Vekja athygli á færslu
766 áhorf
Nokkrar myndir úr starfinu á Búðanesveginum síðustu 10 árin.
+7
687 birtingar
Vekja athygli á færslu
Leikskólinn í Stykkishólmi 60 ára
Kveðjugjöf frá 4 og 5 ára börnum til kennara árið 1987

## Umfjöllun á netinu:

**SKESSUHORN**
Fréttaveita Vesturlands



FRÉTTIR 13. október 2017



*Þétt setinn salurinn á hátíðardagskránni. Ljósm. Haukur Páll Kristinsson.*

### Hátíðarhöld í tilefni 60 ára afmælis Leikskólans í Stykkishólmi

Síðastliðinn laugardag var vegleg afmælishátíð haldin í Stykkishólmi þegar því var fagnað að leikskóli staðarins er 60 ára. Það var St.Franciskusreglan sem fyrst stofnaði leikskóla í bænum og rak með rausnarbrag í fjölmörg ár. Þannig var reglan frumkvöðull í rekstri leikskóla en slík starfsemi hófst fyrr í Stykkishólmi en í nágrannabyggðarlögum. Í tilefni afmælisins heiðruðu forsetahjónin, Guðni Th Jóhannesson og Eliza Reid ásamt börnum sínum, íbúa með heimsókn og þátttöku í afmælisfagnaðinum. Hátíðin hófst klukkan 13 og stóð fram eftir degi. Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri segir að frá upphafi hafi verið ákveðið að hátíðin snerist um börnin, þeirra menningu og sköpun og telur hún það hafa heppnast vel. Aðallega snerist hátíðin því um þau börn sem nú eru í leikskólanum en einnig var gaumur gefinn að öllum þeim börnum sem hafa verið nemendur í leikskólanum í gegnum tíðina.





FRÉTTIR

### LEIKSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

Forseti, forsetafrú og börn sóttu afmælishátíð leikskólans í Stykkishólmi. Fyrir 60 árum hófu St. Franciskussystur, sem ráku um árabil spítala í bænum, rekstur barnaheimilis. Á grundvelli þess var leikskólinn stofnaður. Á afmælishátíðinni komu börn í skólanum fram auk ungmenna sem sitja þar barnaskólanum. Hér má finna frekari upplýsingar um systurnar í Stykkishólmi.

---

Bessastöðum,
10. október 2017

Sigrún Þórsteinsdóttir
leikskólastjóri
Leikskólinn í Stykkishólmi
Búðarnesvegi 2
340 Stykkishólmi

Kæra Sigrún

Fyrir hönd okkar hjóna og barnanna þakka ég kærlega fyrir góðar móttökur á laugardaginn var þegar við héldum í Hólminn til að taka þátt í hátíðarhöldum vegna 60 ára afmælis leikskóla staðarins.

Leikskólabörnin sem léku listir sínar stóðu sig með sóma, og ekki síður ungmennin sem sögðu frá dvöl sinni í leikskólanum. Andrúmsloftið var notalegt og framtíðin virðist svo sannarlega björt í Stykkishólmi. Og þá skiptir einmitt svo miklu máli að vel sé hlúð að börnunum; lengi býr að fyrstu gerð.

Með góðri kveðju,

Guðni Th. Jóhannesson

---

Bessastöðum,
10. október 2017

Sturla Böðvarsson
bæjarstjóri
Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Kæri Sturla

Fyrir hönd okkar hjóna og barnanna þakka ég kærlega fyrir góðar móttökur á laugardaginn var þegar við héldum í Hólminn til að taka þátt í hátíðarhöldum vegna 60 ára afmælis leikskóla staðarins. Gaman var að njóta þeirrar einlægni og gleði sem sveif yfir vötnum, og ekki síður hvernig minningu hins merka starfs St. Franciskussystra er haldið á lofti.

Framtíðin virðist svo sannarlega björt í Stykkishólmi. Við hlökkum til að halda þangað aftur.

Með góðri kveðju,

Guðni Th. Jóhannesson

# Menningarmót í Leikskólanum.



















# Afmælisveisla í Leikskólanum.



Foreldafélag Leikskólans kom færandi hendi með hljómtæki og spjaldtölvur að gjöf og það voru þær Anna Margrét Ólafsdóttir og Dóra Lind Pálmadóttir sem afhentu gjafirnar.



Lionsklúbburinn Harpa Stykkishólms færði leikskólanum peningagjöf í tilefni afmælisins. F.v. Sigrún leikskólastjóri, Ragnheiður Axelsdóttir og Sesselja Sveinsdóttir frá Lionessuklúbbunum og Elísabet aðstoðarleikskólastjóri.

## Afmæliskökur á afmælisdaginn í Leikskólanum.







# Sýning undirbúin í Tónlistarskólanum.






















Börn með erlent móðurmál
Uppeldismenntað starfsfólk
Vistunartími barna
Stuðningur við börn











# Afmælisveisla í Tónlistarskóla Stykkishólms og Setrinu.























# Þakkarbréf

Að lokinni afmælishátíð Leikskólans í Stykkishólmi viljum við þakka öllum sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd hennar. Við þökkum ykkur öllum sem komu og glöddust með okkur á afmælishátíðinni sjálfri fyrir komuna og góðar kveðjur. Við þökkum einnig góðar gjafir sem okkur bárust. Fyrst og fremst á allt starfsfólk leikskólans heiður skilinn fyrir undirbúning á afmælinu oft við flóknar aðstæður. Afmælishátíðin hlaut styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Vináttu- og stuðningsfélag St. Fransiskussystra og þökkum við kærlega fyrir það.
Við viljum sérstaklega þakka undirbúningsnefnd fyrir afmælið, félögum í Aftanskini fyrir aðstoð við kaffiveitingar, foreldrafélagi leikskólans, foreldraráði leikskólans og öllum foreldrum við leikskólann. Við þökkum Hótel Fransiskus fyrir lánið á gamla leiksalnum okkar þar sem við sungum og sýndum Malú, við þökkum íþróttahúsinu fyrir afnot af salnum fyrir íþróttaskóla.
Við þökkum Ægi Jóhannssyni fyrir lán á gömlum munum úr eigu Fransiskussystra, Fríðu B. Jónsdóttur þökkum við fyrir að koma og halda frábæran fyrirlestur um fjölmenningu. Ingu og Stínu þökkum við fyrir skemmtilegt myndakvöld og öllum sem komu og endurgerðu hópmynd frá leikskólanum. Við þökkum Berglindi skólastjóra Grunnskólans og Guðmundu fyrir alla aðstoð og sérstaklega þökkum við Ásdísi kennara 1. bekkjar fyrir lánið á börnunum og þeim Gunna Gunn., Kristbjörgu og Ragnheiði Hörpu þökkum við sérstaklega fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf. Jóhönnu skólastjóra tónlistarskólans þökkum við fyrir lánið á salnum, Hólmgeir og Haffa fyrir skemmtilegt samstarf um Greppikló. Jón Pétur á miklar þakkir fyrir að koma og halda utan um dansinn, Kristínu R. Vilhjálmsdóttur þökkum við fyrir skemmtilega samvinnu um menningarmót. Ingibjörg Ágústsdóttir og Anna Reynis, takk fyrir að segja Gilitrutt, kenna okkur að kemba og spinna og vefa.
Við þökkum Maríu Kúld fyrir að halda dagskránni saman á afmælishátíðinni og sérstaklega þökkum við Theodóru Björk og Vigni Steini fyrir frábært innlegg. Stykkishólmsbær fær sérstakt þakklæti fyrir að styðja okkur með ráði og dáð. Anna Melsteð sem var í afmælisnefnd, varð svo framkvæmdastjóri og starfsmaður, reddari og rótari, innilegustu þakkir til þín.
En aðalþakklætið fá börnin í leikskólanum í Stykkishólmi frá árinu 1957 til dagsins í dag án þeirra væri engin saga og ekkert afmæli.

*F.h. Leikskólans í Stykkishólmi, Sigrún Þórsteinsdóttir*
*Stykkishólms-Pósturinn 12.10.2017*











Ingveldur Sigurðardóttir og Guðni Th. Jóhannesson fögnuðu með leikskólanum. Mynd Símon Sturluson.

Afmæli Leikskólans í Stykkishólmi var haldið með pompi og prakt í síðustu viku með veglegri barnamenningarhátíð og þátttöku vítt og breitt um Stykkishólm, í öllum aldurshópum.
Heilmikið af myndum og myndböndum safnaðist í tengslum við verkefnið og mikið af því aðengilegt á Facebooksíðu afmælisins, Leikskólinn í Stykkishólmi 60 ára. Meðfylgjandi myndir eru teknar á afmælisdeginum sjálfum, 7. október 2017.